



## VERKALÝÐSFÉLAG AKRANESS

SUNNUBRAUT 13 – 300 AKRANES  
SÍMI 430 9900 – FAX 430 9901  
KENNITALA 680269-6889 – [www.vifa.is](http://www.vifa.is)

---

### Ályktun

Aðalfundur sjómannaeyldar Verkalýðsfélags Akraness haldinn 28. desember 2009 mótmælir harðlega þeim áformum ríkisstjórnarinnar að afnema sjómannaafsláttinn í áföngum.

Sjómannaafslátturinn hefur verið við lýði í hartnær 40 ár og er því klárlega orðinn hluti af kjörum sjómanna og ljóst að sjómannaafslátturinn verður ekki aflagður baráttulaust.

Aðalfundur sjómannaeyldar hvetur alla sjómenn til að standa þétt saman í því að koma í veg fyrir þessi áform og mun sjómannaeyld Verkalýðsfélags Akraness ekki skjóta sér undan þeirri ábyrgð ef samstaða næst um aðgerðir til varnar sjómannaafslættinum.

Akranesi, 28. desember 2009